



Fimmti fundur Epsilondeildar haldinn að útsýnis- og veitingastaðnum Hafið Bláa við ósa Ölfusár fimmtudaginn 20. mars 2025 kl. 17:15

Margrét formaður setti fund og kveikti á kertum Vináttu, Trúmennsku og Hjálpsemi. Þeim Ingibjörgu Þorgerði, Ester, Sigríði Guðna og Sigríði Mundu í undirbúningsnefnd var þakkað fyrir að útvega frábæra aðstöðu með útsýni til allra átta, til sjávar og uppsveita eða eins langt og augað eygir.

Eydís Katla sá um nafnakall og Guðlaug las upp fundargerð Bókafundarins sem var samþykkt samhljóða en fundurinn var haldin heima hjá Ernu við góðan orðstýr og henni þakkað að opna heimili sitt fyrir Epsilonsystur.

Sigríður Guðna sá um Orð til umhugsunar og sagði frá því að hún hefði ákveðið fyrir tveimur árum að hefja dagbókarskrif og las færslu um búðarráp í Reykjavík, að kaupa sitthvað fallegt fyrir sig vegna gullbrúðkaupsafmælis þeirra hjóna. Ekki fór betur en svo eftir verslunarferðina að henni tókst að gleyma veskinu sínu sem hún svo uppgötvar ekki fyrr en hún er komin af stað austur þegar síminn hennar virkar ekki í bílnum. Eftir æsispennandi óvissu og hugarangur og leit að veskinu finnst það þó og mátti heyra fundarkonur fagna af létti þegar Sigga sagði frá því að stúlkan á upplýsingaborðinu tilkynnti um leið og hún jánkadi því að vera með veskið í geymslu að hún væri nú þegar búin að tala við manninn hennar í símann þar sem hún svaraði þegar hann hringdi. Var haft á orði að Sigga eigi fullt erindi í smásögukeppni með svona spennandi og lifandi frásögn.

Margrét segir fréttir af starfi og minnir á að tölvupóstur barst Epsilonsysturum vegna uppfærslu á félagatali og biður systur að yfirfara upplýsingar um sig og senda formanni leiðréttingar ef einhverjar eru.

Afmælisþing DKG verður 10.-11. maí 2025, hátíðarkvöldverður á laugardagskvöldi á Grand Hótel og aðalfundurinn á sunnudeginum. Það er komin skráningarhlekkur á heimasíðu DKG og konur eru hvattar til að skrá sig sem fyrst og bóka herbergi þær sem ætla að gista.

Skipað var í ritnefnd Epsilondeildar vegna útgáfu afmælisrits, valdar vou Elinborg, Erna, Vera, Sísá, Margrét Magg og þeim hér með þakkað fyrir. Tvær Epsilonsystur þær Margrét Ísakss og Guðrún Sigríks munu aðstoða ritnefnd Landsambandsins með yfirferð á lokaútgáfu Afmælisritsins.

Afmælissöngur hefur verið saminn af þeim Deltasysturum Jónínu og Theodóru sem hlustað var á og sungu fundakonur svo eftir bestu getu.

Bréf barst frá stjórn samtakana DKG með tillögu um Höllu Tómasdóttur sem nýjan heiðursfélagi. Fundurinn samþykkir tillöguna um Höllu Tómasdóttur forseta sem heiðursfélagi DKG.

Vorferð Epsilondeildar 26. apríl nk. er heimsókn til Deltadeildar á Vesturlandi þar sem við munum eiga góðan dag saman, halda sameiginlegan fund ofl. líklega í Borgarnesi. Það er kostnaðarsamt að leigja rútu og því verður sameinast í einkabíla. Eftir umræður um fundarefni var stungið upp á því að fá Sigríði Guðna til að vera með Orð til umhugsunar líkt og á þessum fundi.

Undirbúningur málþings Epsilondeildar haustið 2025 en ákveðið var á fundi í október síðastliðnum að kasta fram hugmyndum á facebooksíðu hópsins hvað skuli taka fyrir í ár en engin viðbrögð hafa orðið við því. Að loknum umræðum stóð upp úr að beina sjónum að verkefni líkt og *Riddarar kærleikans* og leggja út frá jákvæðum þáttum í lífi og tilveru barna og til eru kallaðar þær, Sigríður Munda, Guðríður Margrét sem svo biðja Soffíu að vera með.

Kynning á Erasmus+ verkefni sem Aneta og Margrét tóku þátt í með Skólaþjónustu Árborgar en verkefnið fjallar um inngildandi skólastarf með áherslu á áfallamiðaða nálgun við móttöku flóttafólks og nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Pólland tók á móti milljónum manna á örfáum vikum og þurfti að bregðast fljótt við börnum og mæðrum með mismunandi bakgrunn. Áhugavert var að heyra hve fólkið í skólasamfélaginu, kennarar, prófessorar sem og aðrir sérfræðingar tóku strax til handa að undirbúa móttökuáætlun, opna á fjarkennslu og áfalla miðaða aðstoð og einnig að útbúa matslista sem gátu metið, áhrif áfalla, tungumálastöðu barna sem og aðra þroskætti. Hópurinn fór á ólíkar stofnanir og skólaþjónustan fékk að skoða þau sérsíð sem við kemur þeirra þjónustu. Þá kynnti íslenski hópurinn verkefnið *Móttökuáætlun fólk á flóttu* í Árborg.

Kynning frá Anetu kennsluráðgjafa í fjölmenningu um verkefni þeirra Anetu og Anna Katarzayna, *Eflum tengsl heimili og skóla*, sem hlaut Menntaverðlaun Suðurlands. Verkefnið felur í sér íslenskukennslu fyrir foreldra grunn- og leikskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn. Foreldrar fengu tækifæri til að mæta með börn sín enda flestir með lítið bakland. Nokkur námskeið hafa verið keyrð og með góðri virkni þátttakenda. Foreldrar vinna sjálfsmat og svöruðu m.a. könnun eftir námskeið þar sem þau eru einróma sammála um ágæti námskeiðsins og gagnsemi. Verkefnið hefur verið kynnt á Menntakviku og í Sunnlenska. Stöðugt er verið að leita eftir styrkjum og fjármagni til að halda fleiri námskeið og vonir bundnar við að þau geti orðið árviss viðburður.

Harpa færði þeim Anetu og Margréti þakkir og rós fyrir erindin og einnig fengu rós og þakkir þær í undirbúningsnefndinni Sigríður Munda, Ingibjörg, Sigríður Guðna og Ester.

Happdrætti var á dagskrá að vanda og vinningur kom í hlut Bolette.

Önnur mál.

Formaður þakkar fyrir fundinn og slökkti á kertum Vináttu, Trúmennsku og Hjálpsemi. Eftir fundinn snæddu fundarkonur dýrindis máltíð á Hafinu Bláa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18.30 fundargerð ritaði G. Ásgerður Eiríksdóttir.